

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda vegna skattaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár en almanaksárið í skattskilum.

1. gr.

Álagningu skattstjóra á lögaðila sem fengið hefur heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið innan 10 mánaða frá lokum þess reikningsárs sem hófst á árinu 2003 eða síðar og lýkur á árinu 2004.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 15. apríl 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Guðmundur Thorlacius.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Lindaskóli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 18. mars 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Lindaskóla, Núpaland 7. Í tillögunni felst að heimilt verður að byggja tveggja hæða byggingu við norðurálmú skólans, um 230 m² að grunnfleti eða um 460 m² að samanlögðum gölf-fleti. Þakhæð viðbyggingarinnar verður allt að 10,6 m. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. janúar til 27. febrúar 2004 með athugasemdafresti til 15. mars 2004. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. apríl 2004.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.